

Fundargerð 550

Föstudaginn 6. júní 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á skrifstofu Byggðastofnunar að Sauðarmýri 2, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldór Gunnar Ólafsson (HGÓ) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Heiða Ingimarsdóttir (HI), Heiðbra Ólafsdóttir (HÓ), Margrét Sanders (MS), Steindór R. Haraldsson (SRH) og Vigfús Þórarinn Ásbjörnsson (VPÁ).

Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárlið 1), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Pétur Grétarsson (PG) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 2), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 1), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 12:55 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Starfsemi Byggðastofnunar - til kynningar
2. Sala á hlutabréfum í Samkaup - til afgreiðslu
3. Starfsáætlun stjórnar 2025-2026 - til afgreiðslu
4. Skipun í endurskoðunarnefnd - til afgreiðslu
5. Uppbygging atvinnuhúsnæðis, erindi frá Húnaþingi vestra - til afgreiðslu
6. Lánamál - til kynningar
7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Starfsemi Byggðastofnunar - til kynningar

Í upphafi fundar var starfsemi stofnunarinnar kynnt og þau verkefni sem hún sinnir.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

EHP og SÁ viku af fundi.

2. Sala á hlutabréfum í Samkaup - til afgreiðslu

PG kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað Péturs Grétarssonar sérfræðings á fyrirtækjasviði auk kynningar á samruna Samkaupa og Orkunnar sem PG kynnti.

Þórður Ágúst Hlynsson f.h. Orkunnar IS ehf. gerir Byggðastofnun yfirtökutilboð í allt hlutafé stofnunarinnar í Samkaup hf., að nafnverði kr. 10.801.323 á genginu 13,0 sem greitt verði með hlutabréfum í Orkunni IS ehf. að nafnverði 14.792.765 á genginu 9,492. Söluverð á hlut stofnunarinnar í Samkaup nemur 140,4 m.kr. Öðrum hluthöfum hefur verið boðið sama verð og hefur stærsti hluthafi Samkaupa nú þegar samþykkt sölu. Stefnt er að skráningu félagsins í Kauphöll árið 2027.

Lánanefnd samþykkti að leggja til við stjórn að tilboði Orkunnar IS ehf. verði tekið.

Til máls tóku MS, SRH, AME, VÞÁ, HGÓ og HB.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

PG vék af fundi.

3. Starfsáætlun stjórnar 2025-2026 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að fundardögum og staðsetningu stjórnarfunda til maí 2026 sem AME kynnti.

Lagt var til að færa fund sem áætlaður var 25. september til 24. september og að færa fund sem áætlaður var 23. október til 16. október.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Formaður bar upp framlagða starfsáætlun með ofangreindum breytingum og var hún samþykkt samhljóða.

4. Skipun í endurskoðunarnefnd - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs með tillögu að skipun í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar og starfsreglur endurskoðunarnefndar stofnunarinnar sem MH kynnti.

Lagt er til að endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar verði skipuð eftirfarandi aðilum; Ása Kristbjörg Karlsdóttir formaður, Sigrún Hallgrímsdóttir og Margrét A Sanders.

Enginn tók til máls.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

5. Uppbygging atvinnuhúsnaðis, erindi frá Húnaþingi vestra - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur bréf frá Unni Valborgu Hilmarsdóttur sveitarstjóra Húnaþings vestra sem AME kynnti þar sem óskað er eftir samstarfi við Byggðastofnu um uppbygging atvinnuhúsnaðis á Hvammstanga. Vísað er til viljayfirlýsingar sem undirrituð var í lok árs 2024 um samstarf stofnunarinnar og Dalabyggðar.

Verkefnið í Dalabyggð er tilraunaverkefni og fjármagnað af eigin fé Byggðastofnunar. Stefnt er að lokum þess á næsta ári með nýrri byggingu þar. Ef af því verkefni verður góð reynsla mun stofnunin skoða hvort ástæða sé til að fara með verkefnið víðar, hvernig næsti staður verði valinn og hvernig verkefnið yrði fjármagnað áfram.

Til máls tóku MS, HP, VÞÁ og HB.

Forstjóra falið að svara erindi Húnaþings vestra í samræmi við umræður fundarins.

6. Lánamál - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefnda nr. 17/25-20/25 sem HP reifaði.

Enginn tók til máls.

7. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 30. apríl sl. sem SEÐ og MH kynntu.

Enginn tók til máls.

8. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.

Rætt var um samskipti milli stjórnarmanna. Spurt var út í umsagnir þingmála sem AME kynnti

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður skv. starfsáætlun 28. ágúst nk. á Skagaströnd.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 16:39.

Magnús Helgason, fundarritari

Halldór Gunnar Ólafsson

Haraldur Benediktsson

Heiða Ingimarsdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Margrét Sanders

Steindór R. Haraldsson

Vigfús Þórarinn Ólafsson